

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1298
komudagur 10. 3. 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2004.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um erfðafjárskatt, lagt fram á 130. löggjafarþingi 2003-2004, þskj. 605 – 435. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til athugunar og lætur í té eftirfarandi umsögn:

Ofangreint frumvarp hefur að geyma ýmis nýmæli frá núgildandi lögum um erfðafjárskatt nr. 83/1984. Meginbreyting frumvarpsins varðar annars vegar lækkun skatthlutfalls erfðafjárskatts og hins vegar hækkun skattfrelsismarka. Þá eru í frumvarpinu nýmæli að því er varðar flokkun skattaðila, en samkvæmt frumvarpinu er erfingjum skipað í tvo skattflokka, en stað þriggja, samkvæmt núgildandi lögum. Þá eru í frumvarpinu ítarleg ákvæði um gjaldstofn erfðafjárskatts og við hvaða tímamark skuli ákveða fjárhæð gjaldstofns. Loks er í frumvarpinu gert ráð fyrir breytingum á málsmeðferðarreglum og þær gerðar ítarlegri, er m.a. í frumvarpinu kveðið á um þá nýjung að heimilt sé að skjóta ákvörðunum sýslumanns og skattstjóra til yfirskattanefndar.

Laganefnd telur að í ofangreindu frumvarpi, felist löngu tímabær réttarbót fyrir greiðendur erfðafjárskatts. Þá er það álit nefndarinnar að reglur frumvarpsins um málsmeðferð og afmörkun gjaldstofns erfðafjárskatts, séu til skýringar og einföldunar sé mið tekið að núverandi reglum.

Laganefnd mælir því með lögfestingu frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður